

**Kammerhópurinn Nordic Affect** var stofnaður árið 2005 með það að markmiði að miðla ríkidæmi tónlistar 17.og 18.aldar og flytja samtímatónlist. Meðlimir hópsins eiga allir að baki nám í sagnfræðilegum hljóðfæraleik og koma reglulega fram víða um Evrópu. Það að skoða þekktar stærðir út frá nýjum hliðum og halda á ókönnuð mið einkennir starf þeirra en Nordic Affect hefur með tónleikum sínum á Íslandi og víðs vegar um Evrópu flutt allt frá danstónlist 17.aldar til hinnar spennandi raftónsköpunar nútímans og hlotið fyrir afbragðs dóma. NoA hefur m.a. hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband Evrópskra Útvarpsstöðva. Fyrsti geisladiskurinn með leik þeirra; Apocrypha eftir Huga Guðmundsson var tilnefndur til Íslensku Tónlistarverðlaunanna og hlaut Kraumsverðlaunin 2008. Leik þeirra er jafnframt að finna á Hymnodia Sacra, geisladisk kammerkórsins Carmina sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin á síðasta ári og þann 1.janúar kom út á heimsvísu nýr geisladiskur NoA með verkum eftir Abel á vegum hollenska útgáfufyrirtækisins Brilliant Classics. Meðal verkefna næstu mánaða auk tónleika hér heima og í Bretlandi er frumflutningur á nýju verki eftir Þuríði Jónsdóttur, upptaka fyrir Ríkisútvarpið á verkum frá 18.öld og hljóðritun nýs geisladisks með verkum eftir íslensk kventónskáld. Hópurinn er styrktur af Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins og Menningarsjóði Reykjavíkurborgar.
Listrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir

**Nordic Affect** is a period instrument chamber group, which provides a platform for musicians who seek to view familiar musical forms from a different perspective as well as venturing into new terrain. The group performs music from the 17th and 18th centuries and also promotes the performance of contemporary music on period instruments. Nordic Affect takes it name from the Baroque practice of trying to communicate certain affects and to inspire different emotional states through the composition and performance of music.
Each of the musicians in the group is a specialist in historical performance having studied both in Europe and the USA. Members of Nordic Affect perform as soloist and chamber musicians throughout Europe as well as being active orchestral musicians with various well-known period instrument ensembles. Since its debut in 2005 at the Skálholt Summer Concerts the group has performed widely in Iceland and on the Continent in addition to launching their own chamber music concert series in Reykjavík.
Their performances have been received with great critical acclaim and the group has been praised for their energetic and stylistic bravura. Nordic Affect has performed for the Icelandic Broadcasting Service and the European Broadcasting Service. Nordic Affect’s first CD, a recording of a new piece Apocrypha written specifically for Nordic Affect by Hugi Gudmundsson was released in October 2008. The CD received The Kraumur Award in 2008 as well as a nomination for an Iceland Music Award. A collaboration with the Carmina chamber choir under the direction of Árni Heimir Ingólfsson resulted in a recording with Icelandic early music which received an Icelandic Music Award in 2011. Their latest recording, a CD with works by Carl Friedrich Abel was released by Brilliant

Classics at the beginning of this year.The artistic director of Nordic Affect since its foundation has been Halla Steinunn Stefánsdóttir.

**Halla Steinunn Stefánsdóttir** barokkfiðluleikari er stofnandi og listrænn stjórnandi Nordic Affect. Hún nam fiðluleik hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík og Elisabeth Zeuthen Schneider við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium þaðan sem hún útskrifaðist 2001. Við útskriftina hlaut hún ýmsa styrki, þar á meðal Fulbright styrk sem gerði henni kleift að leggja stund á nám í barokkfiðlu við Indiana University School of Music, Bloomington undir leiðsögn Stanley Ritchie. Hún útskrifaðist frá IU með P.D. in baroque violin árið 2004.

Halla Steinunn hefur komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum í Evrópu og Bandaríkjunum og pantað og frumflutt tónsmíðar eftir m.a. Huga Guðmundsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Hafdísi Bjarnadóttur, John Habron og Gunnar Andreas Kristinsson. Hún hefur hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband Evrópskra Útvarpsstöðva auk þess sem leik hennar er að finna á geisladiskum frá Smekkleysu, musmap og Brilliant Classics. Geisladiskar með leik hennar hafa hlotið Íslensku Tónlistarverðlaunin og Kraumsverðlaunin.

Halla Steinunn hefur jafnframt komið að fyrirlestrarhaldi bæði erlendis og hér heima, kennt hljóðfærabókmenntir við LHÍ og er þáttastjórnandi Girnis, grúsks og gloría, þáttar um tónlist og upprunaflutning á Rás 1. Hún hlaut starfslaun listamanna 2009 og 2011 og mun á næstu mánuðum hljóðrita nýjan geisladisk með verkum eftir íslensk kventónskáld sem styrktur er af Menningarsjóði Hlaðvarpans.

Born in Reykjavík Halla studied modern violin at The Reykjavík College Music and later at The Royal Danish Academy of Music where she completed a postgraduate degree. At the end of her studies she received a Fulbright Grant and moved to the U.S. to specialize in baroque violin performance at I.U. School of Music with Prof. Stanley Ritchie, finishing her P.D. studies in 2004.

Halla has appeared in concerts and at festivals on both sides of the Atlantic. She is the artistic director as well as member of Nordic Affect. She has recorded for The Icelandic National Broadcasting Service and the European Broadcasting Service. Her playing is featured on CDs from Bad Taste Records, musmap and Brilliant Classics, and which have received the Iceland Music Award as well as the Kraumur award.

Other activities have included teaching performance practice at the Arts Academy of Iceland as well as producing radio programs for The Icelandic National Broadcasting Service. She is the recipient of a State Artist Grant and future projects include concerts in Iceland and on the continent as well as a recording of works by Icelandic female composers.

**Guðrún Óskarsdóttir, semball**
Guðrún Óskarsdóttir hóf nám í semballeik hjá Helgu Ingólfsdóttur.  Framhaldsnám stundaði hún hjá Anneke Uittenbosch við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam, hjá Jesper Böje Christensen í Scola Cantorum í Basel og hjá Francoise Lengéllé í París.

Guðrún hefur leikið inn  á hljómdiska og komið fram sem einleikari, meðleikari eða sem þátttakandi í kammertónlist á fjölmörgum tónleikum á Íslandi, víða í Evrópu og í Japan. Hún er meðlimur í  kammerhópunum Nordic Affect og Bachsveitinni í Skálholti.  Auk þess leikur hún reglulega með Caput-hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og með Sinfóníuhljómsveit Íslands.  Guðrún hefur einnig unnið í Íslensku óperunni, Strengjaleikhúsinu og með Íslenska dansflokknum.  Hún leikur jöfnum höndum gamla og nýja tónlist og  hefur tekið þátt í frumflutningi fjölda verka.  Haustið 2007 tók hún þátt í alþjóðlegu tónlistarhátíðinni í Takefu í Japan.  Þar frumflutti hún þrjú verk fyrir flautu og sembal ásamt Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara.

**Guðrún Óskarsdóttir, harpsichord**

Guðrún Óskarsdóttir studied the harpsichord with Helga Ingólfsdóttir. Later her teachers were Anneke Uittenbosch at the Sweelinck Conservatorium in Amsterdam, Jesper Böje Christensen at the Scola Cantorum in Basel and Francoise Langéllé in Paris.

Guðrún is featured on numerous recordings and has appeared as a soloist, accompanist as well as chamber musician in numerous recitals and concerts in Iceland and elsewhere in Europe and in Japan. She is a member of Nordic Affect and the Bach ensemble of Skálholt.  She plays regularly with the Caput new music ensemble, the Reykjavík Chamber Orchestra and the Icelandic Symphony Orchestra and has also performed with the Icelandic Opera and the Icelandic Dance Company.  She plays both baroque music and new music and has taken part in several first performances.  In 2007 she was invited to the Takefu International Music Festival in Japan where she premiered three compositions for flute and harpsichord with the flute player Kolbeinn Bjarnason.